

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B17-21

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 165-166 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 17-21

Nr. 82-106

2003

Efnisyfirlit B 17-21 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsfötul
82	6. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi	177
83	27. jan.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag fyrir „Velli miðsvæði, 1. áfanga“ í Hafnarfirði	178
84	13. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri	179
85	14. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	179-180
86	11. feb.	Auglýsing um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína	180
87	16. feb.	Samþykkt um fráveitu í Bessastaðahreppi	181-184
88	17. feb.	Gjaldskrá fyrir fráveitugjald í Bessastaðahreppi	184
89	29. jan.	Reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands	185-189
90	30. jan.	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	189
91	6. feb.	Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag á frí- stundabyggð í Hvassahrauni, Vatnsleysustrandarhreppi	189
92	29. jan.	Reglur um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands	190-193
93	17. jan.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003 um skipan og starfsemi flugverndarráðs ..	193
94	12. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum	193-194
95	11. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	194
96	29. jan.	Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnboga- dóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands	195-196
97	5. feb.	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerða Evrópusambands- ins um aðskotaefni í matvælum	196-197
98	10. feb.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulags- áætlunum í Reykjavík	197-198
99	6. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	199
100	6. feb.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 6/2003 um gjaldstofn búnaðar- gjalds vegna rekstrarársins 2002	199-200
101	13. jan.	Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofn- gjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald á Austur-Héraði	200-204
102	29. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfisk- veiðistofnunarinnar, NAFO, 2003	204
103	5. feb.	Auglýsing um deiliskipulagstillögu fyrir verslunarhúsnæði við Egilsholt 2, Borgarnesi	205
104	7. feb.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	205
105	14. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla	205-206
106	12. feb.	Gjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi	207-208

4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfsvæði skv. 1. mgr. 3. gr. UKX fyrir úthafskarfsvæði skv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara út af: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC og svæði innan íslenskrar lögsögu skv. 1. mgr. 1. gr. eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuaflamark í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
9. Löndunarhöfn (átælaður tími og dagsetning þar).
10. Dagsetning og tími.

Ofangreindar tilkynningar skulu sendar með þeim hætti er lýst er í viðaukum I og II við reglugerð nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

7. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða ef afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 1. mgr. 3. gr.

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er aflni reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,54.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um átælaðan úthafskarfaafli viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórir Skarphéðinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2003

6. febrúar 2003

177

Nr. 82

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Garðabrautar og Jaðarsbrautar.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 14. janúar 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Garðabrautar og Jaðarsbrautar á Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í því að lögum byggingarreits breytist lítillega. Heimilt verður að koma fyrir íbúðum á fyrstu hæð til suðurs í vestari hluta byggingarreits. Staðsetningu útkeyrslu á Innra-Skarð og fyrirkomulagi bílastæða verður breytt. Staðsetning sorpgeymslu breytist.

Breytt deiliskipulag Sólmundarhöfða.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 28. janúar 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða á Akranesi.

Breytingin felst í því að felldar eru niður 2 af 6 óbyggðum lóðum við Höfðagrund. Auk þess eru tvær lóðir færðar til.

Deiliskipulagsbreytingarnar sem voru auglýstar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um taka þegar gildi.

Akranesi, 6. febrúar 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 2003

Nr. 83

178

27. janúar 2003

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag fyrir „Velli miðsvæði, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2002 nýtt deiliskipulag fyrir „Velli miðsvæði, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Tillagan öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 27. janúar 2003.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2003

13. febrúar 2003

179

Nr. 84

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002,
um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.**

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo: Við veiðar á úthafs rækju fyrir Norðurlandi norðan 65°30'N, milli 12°V og 18°V, og sunnan 66°45'N, milli 18°V og 20°V, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggþokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. febrúar 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórssson.

14. febrúar 2003

Nr. 85

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Borgartún 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 34-36.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Árbær, íþróttasvæði Fylkis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Fylkis í Árbæ.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gutenberg

Grjótháls 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grjótháls 8, vetnisstöð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. febrúar 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs:

1. Fiskafurðir, en þó ekki fiskeldisafurðir, ál eða rækju sem ekki er veidd í Atlantshafi.
2. Rækjur sem veiddar eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efna-
hagssvæðinu.

3. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að á 20% hveðrar sendingar sé gert próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þessi próf eru gerð til að kanna leyfar lyfja, skordýraeiturs, mengunarvalda og annarra efna sem talin eru skaðleg heilsu manna.

1. Ferskvatnshumar.
2. Surimi sem framleitt er úr fiskafurðum sem innflutningur er heimill á samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 706, 11. október 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. febrúar 2003.

F. h. r.

Kolbeinn Árnason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 2003

16. febrúar 2003

181

Nr. 87

SAMÞYKKT

um fráveitu í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Bessastaðahreppi.

Um fráveituna.

2. gr.

Bessastaðahreppur starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreina á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu sveitarfélagsins. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælu-búnaði sem dælir fráveituvatninu að brunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturléiðslur til viðtaka. Bessastaðahreppur kostar niðursetningu og frágang rotþróar og siturlagna en húseigandi leggur til viðurkennnda rotþró sem samþykkt er af heilbrigðisfulltrúa. Húseigandi annast allt viðhald rotþróar. Sveitarfélagið annast allt viðhald siturlagna.

Þegar fráveita sveitarfélagsins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum sem þar eru látin í té.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturléiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 12. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Bessastaðahreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Oheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frá-ræslagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

14. gr.

Um notkun og hreinsun rotþróa í Bessastaðahreppi gildir sérstök samþykkt sveitarstjórnar, nr. 67/1985.

Um fráveitugjald.

15. gr.

Af öllum húseignum í Bessastaðahreppi skal greiða árlega fráveitugjald, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild, sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

19. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

20. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Bessastaðahrepps og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og X. kafla vatnalaga nr.

15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 222/2000 um fráveitu í Bessastaðahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Af öllum húseignum í Bessastaðahreppi skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Bessastaðahreppi.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,12% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 21. janúar 2003, sbr. samþykkt hreppsnefndar frá 21. mars 2000, sbr. einnig samþykkt um fráveitu í Bessastaðahreppi frá 16. febrúar 2003, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Bessastaðahreppi, 17. febrúar 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUR

um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglum þessum er í 2. til 18. gr. fjallað um skipulagt nám til doktorsgráðu skv. 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands. Í 19. gr. er fjallað um doktorspróf án undangengins skipulagðs náms skv. 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

2. gr.

Markmið.

Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemanum þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir líf- og læknavísinda og ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis hans. Einnig að þjálfa hann í undirbúningi og framkvæmd rannsókna og birtingu rannsóknaniðurstaðna. Þannig geti hann verið vel undir það búinn að starfa sjálfstætt að vísindum.

3. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd læknadeildar fer með málefni doktorsnámsins í umboði deildarráðs. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 5. gr.), skipa menn í doktorsnefndir og gera tillögu til deildarráðs um andmælendur doktorsvarnar (sbr. 14. og 15. gr.).

4. gr.

Umsóknarfrestur.

Enginn fastur umsóknarfrestur er fyrir umsóknir um doktorsnám.

5. gr.

Meðferð umsókna og námsáætlunar.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu læknadeildar. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst.

Umsókn skal fylgja námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun, sbr. umsóknareyðublað. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Nemandi sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu læknadeildar og er eyðublaðinu skilað þangað.
- b) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um doktorsnám.

- c) Læknadeild synjar nemanda ef umsókn hans uppfyllir ekki gæðakröfur en samþykkir ella umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflaga, sbr. afgreiðslufrest umsókna hér að framan.
- d) Afgreiðsla í læknadeild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- e) Nemandi sem læknadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja skipulagt doktorsnám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

6. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í doktorsnám við læknadeild þarf nemandi að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 7,25 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á náms-hæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Doktorsefni sem þegar hafa reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið rannsóknnum og birt vísindagreinar um vel afmarkað viðfangsefni sem gæti myndað grunn að doktorsritgerð, falla undir sama skipulag og aðrir. Skipa skal umsjónarkennara og doktorsnefnd, sbr. 11. og 14. gr. Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsnefnis til doktorsnáms og leiðbeinir við skrif og frágang doktorsritgerðar.

7. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við læknadeild er 150 einingar að loknu B.S.-prófi en 90 einingar að loknu M.S.-prófi, lokaprófi í læknisfræði eða tilsvarende prófi. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið B.S.-prófi eða samsvarandi er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnáms fimm ár. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið M.S.-gráðu er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

8. gr.

Samsetning náms.

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, allt að 15 einingum, getur verið í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofu læknadeildar, 3 einingar, er skylda. Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni nemanda, en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð. Æskilegt er að doktorsnemi fái þjálfun í kennslu á námstímanum.

9. gr.

Breyting á meistaranámi í doktorsnám.

Hafi nemandi innritað sig í meistaranám, en ákveði áður en hann lýkur því að fara í doktorsnám, er honum heimilt að óska eftir því við rannsóknánámsnefnd að breyta skráningu úr meistaranámi í doktorsnám. Skal hann um leið leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun um framhald á verkefni. Eftir samþykkt endurskoðaðrar áætlunar lengist námið úr 60 einingum (meistaránám) í 150 einingar.

10. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af doktorsnámi.

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í doktorsnámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

11. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara eða sérfræðinga við læknadeild í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt nemanda, leggur fram námsáætlun sem læknadeild samþykkir. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í doktorsverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

12. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og doktorsverkefnið.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat.

Leiðbeinendur doktorsnema geta þeir einir orðið sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

13. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Æskilegt er að taka hluta doktorsnáms við aðra háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

14. gr.

Doktorsnefndir.

Doktorsnefnd skal skipuð fimm sérfróðum mönnum sem rannsóknanámsnefnd skipar. Í nefndinni skulu sitja: umsjónarkennari, aðalleiðbeinandi (sé hann annar en umsjónarkennari) og þrjú/fjórir aðrir og skal a.m.k. einn þeirra vera utan þeirrar stofnunar/rannsóknarstofu/skorar sem verkefnið er unnið við. Nefndin kýs sér formann sem er ekki aðalleiðbeinandi.

Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund a.m.k. einu sinni á ári meðan á náminu stendur. Doktorsnefndin fylgist með framvindu námsins og skilar árlega um það skýrslu til rannsóknanámsnefndar. Doktorsnefndin skal ennfremur prófa doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði um miðbik námsins. Fulltrúi rannsóknanámsnefndar skal vera viðstaddur prófið. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði. Loks metur doktorsnefnd ritgerðina áður en hún er lögð fram til varnar og skilar vandlega rökstuddu álitni til rannsóknanámsnefndar um það að doktorsritgerðin sé hæf til varnar og doktorsefni tilbúið til að verja hana.

15. gr.

Dómnefnd og andmælandur.

Samþykki rannsóknanámsnefnd niðurstöðu doktorsnefndar óskar hún eftir því við deildarforseta að dómnefnd verði skipuð skv. 68. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Jafnframt gerir rannsóknanámsnefnd tillögu til deildarráðs um einn eða tvo andmælandur doktorsvarnar og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælandinn skal vera utan deildar, og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Dómnefnd skal skipuð einum manni úr doktorsnefnd, öðrum hvorum andmælanda og einum manni tilnefndum af rannsóknanámsnefnd. Doktorsritgerð skal skilað til dómnefndar á endanlegu formi og skal nefndin skila álitinu á ritgerðinni innan tveggja mánaða. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf. Andmælandur fái endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn. Um framkvæmd doktorsvarnar gilda ákvæði 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

16. gr.

Námsmat.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats doktorsnefndar staðfest námsferilsyfirlit nemanda.

17. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Doktorsritgerðina skal skrifa á ensku. Í doktorsritgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum skal lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukaflur sem fjallar um verkefnið í heild. Greinar um einstaka hluta verkefnisins sem hafa verið birtar, samþykktar til birtingar eða eru tilbúnar til sendingar til birtingar í vísindatímaritum skulu vera hluti af doktorsritgerðinni.

Í ritgerð skal getið stofnana eða fyrirtækja þar sem rannsóknin var unnin og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið á vegum Háskóla Íslands og geta skal þeirra sem styrktu verkefnið. Um frágang ritgerðarinnar er vísað til leiðbeininga deildarinnar.

Doktorsritgerð skal skilað í tíu eintökum til skrifstofu læknadeildar. Læknadeild getur styrkt úgáfu doktorsritgerða. Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku og skal skila honum sérstaklega á tölvutæku formi til birtingar á heimasíðu læknadeildar.

18. gr.

Lærdómstitlar.

Að loknu doktorsnámi hlýtur nemandinn lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

19. gr.

Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.

Sé doktorsritgerð lögð fram í læknadeild til varnar án undangengins skipulagðs náms, í samræmi við 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, vísar deildarráð henni til rannsóknanámsnefndar til umsagnar. Slík ritgerð skal að jafnaði hafa verið skrifuð án tengsla eða leiðbeiningar frá starfsmönnum Háskóla Íslands, stofnunum sem tilheyra honum eða hann er í formlegum tengslum við (svo sem Landspítala – háskólasjúkrahús).

Rannsóknanámsnefnd gerir tillögu til deildarráðs um þriggja manna dómnefnd og andmælandur, sbr. 2. mgr. 69. gr. reglna um Háskóla Íslands.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í læknadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um doktorsnám við læknadeild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 7. október 1999.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 29. janúar 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Bannað er að leggja ökutækjum báðum megin við Strembugötu frá Strembugötu 15 upp að Dalvegi.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 30. janúar 2003.

Karl Gauti Hjaltason.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag á frístundabyggð í Hvassahrauni, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 10. desember 2002 samþykkt deiliskipulag á frístundabyggð í Hvassahrauni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 6. febrúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

REGLUR

um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Meistaránám.

Lyfjafræðideild Háskóla Íslands býður upp á tvenns konar meistaranám, rannsóknatengt meistaranám og fræðilegt meistaranám, sbr. 7. gr.

2. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd lyfjafræðideildar fer með málefni meistaranámsins í umboði deildarráðs. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun, sbr. 4. gr., skipa menn í meistaranámsnefndir, tilnefna prófdómara fyrir meistaraþróf, sbr. 12. gr., og sjá um meistaraþróf.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmíssi en til 15. september fyrir innritun á vormíssi. Deildarráð lyfjafræðideildar getur veitt undanþágu frá þessum tíma- setningum.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu lyfjafræðideildar. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknir og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan 6 vikna frá móttöku. Umsókn um fræðilegt meistaranám skal skila á sérstöku eyðublaði ásamt ítarlegri náms- og rannsóknaráætlun, þ. á m. lista yfir fyrirhuguð námskeið. Umsókn um rannsóknatengt meistaranám skal fylgja námsáætlun, þ. á m. listi yfir fyrirhuguð námskeið, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun og stutt greinargerð um fyrirhugaða fjármögnun námsins. Sé rannsóknarverkefnið unnið utan lyfjafræðideildar, skal fylgja með yfirlýsing fyrirtækis eða stofnunar sem verkefnið er unnið hjá. Þessi yfirlýsing skal staðfesta þátttöku fyrirtækisins eða stofnunarinnar í verkefninu. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Stúdent finnur sér leiðbeinanda og umsjónarkennara.
- b) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu lyfjafræðideildar og er eyðublaðinu, útfylltu, skilað þangað.
- c) Lyfjafræðideild synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflaga, sbr. afgreiðslufrest umsókna í 4. gr. Synjun umsóknar skal vera rökstudd.
- d) Afgreiðsla lyfjafræðideildar er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- e) Stúdent sem rannsóknanámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja meistaranám á haustmíssi skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 20. júní, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormíssi skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám við lyfjafræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi, 7 misserum við lyfjafræðideild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við

að nemandi, sem hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands, hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn á B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Rannsóknanámsnefnd metur próf frá öðrum skólum en Háskóla Íslands. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

6. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaránám við lyfjafræðideild er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaránáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

7. gr.

Námsleiðir.

A. Rannsóknatengt meistaránám.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Vinna að eigin rannsóknarverkefni og ritgerð byggð á því er meginhluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 einingar en mest 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofum innan Háskóla Íslands eða málstofum annarra háskóla, sem nemur þremur einingum, er skylda. Rannsóknanámsnefnd lyfjafræðideildar skipuleggur þátttöku meistaránema við lyfjafræðideild í málstofum.

B. Fræðilegt meistaránám.

Námið felur í sér þátttöku í námskeiðum við lyfjafræðideild Háskóla Íslands og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Heimilt er að sækja námskeið til annarra deilda eða háskóla. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 30 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofum innan Háskóla Íslands, sem nemur þremur einingum, er skylda. Rannsóknanámsnefnd lyfjafræðideildar skipuleggur þátttöku meistaránema við lyfjafræðideild í málstofum.

8. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Meistaránemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem rannsóknanámsnefnd lyfjafræðideildar samþykkir.

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina stúdent í rannsóknarverkefni.

9. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi meistaránema er ekki fastur kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraprófi á fræðasviðinu. Í slíkum tilvikum skal leiðbeinandi leggja fram ritverkalista auk lífsferilsskrár (curriculum vitae) og metur rannsóknanámsnefnd hæfni hans. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sersviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistaránema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viður-

kenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni stúdents á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

10. gr.

Meistaránámsnefndir.

Meistaránámsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaránámsnefnd. Rannsóknanámsnefnd skipar meistaránámsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaránámsnefnd skal árlega skila stuttri skýrslu um framvindu námsins til rannsóknanámsnefndar. Rannsóknanámsnefnd gegnir hlutverki meistaránámsnefndar hjá þeim nemum sem eru í fræðilegu meistaránámi.

11. gr.

Prófdómarar.

Rannsóknanámsnefnd tilnefnir tvo prófdómara sem prófa meistaránema og leggja mat á rannsóknarverkefni hans ásamt meistaránámsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu. Í fræðilegu meistaránámi skal farið með próf í rannsóknarverkefni samkvæmt fyrirmælum um lokaverkefni í kennsluskrá, kafla lyfjafræðideildar.

12. gr.

Námsmat og meistarapróf.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats rannsóknanámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Í rannsóknatengdu meistaraprófi flytur nemandi fyrirlestur um rannsóknarverkefnið (20 til 40 mín.) og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara og prófstjóra, sem skipaður er af rannsóknanámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn. Í bóklegu meistaránámi skal farið með próf í rannsóknarverkefni samkvæmt fyrirmælum um lokaverkefni í kennsluskrá, kafla lyfjafræðideildar.

13. gr.

Skil og frágangur meistararitgerða.

Meistararitgerð skal uppfylla kröfur lyfjafræðideildar Háskóla Íslands um ritgerðir til meistaraprófs. Í henni skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða rannsókna á fræðasviðinu er rakin, aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður, ítarleg umfjöllun og heimildaskrá sem skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og einnig skal geta umsjónarkennara og leiðbeinanda. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið.

Meistararitgerð nemenda í rannsóknatengdu meistaránámi skal skilað í fimm eintökum til skrifstofu lyfjafræðideildar eigi síðar en sex vikum fyrir áætlaðan prófdag. Lyfjafræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistararitgerða. Í fræðilegu meistaránámi skal farið með meistararitgerðir samkvæmt fyrirmælum um lokaverkefni í kennsluskrá, kafla lyfjafræðideildar.

14. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Nemendur geta tekið hluta meistaránámsins við aðra háskóla sem rannsóknanámsnefnd samþykkir.

15. gr.

Lærdómstitlar.

Að loknu meistaranámi í lyfjafræði hlýtur stúdent lærdómstitilinn *Master of Science in Pharmaceutical Sciences* (M.S. Pharm. Sci.).

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 29. janúar 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003
um skipan og starfsemi flugverndarráðs.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að frá og með 20. janúar 2003 taki gildi reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. janúar 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga
vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs, sbr. 1. mgr., skal miðast við tekjur sjóðsins samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs að teknu tilliti til hugsanlegra leiðréttinga á tekjum hans samkvæmt fjáráukalögum næst liðins árs.

2. gr.

Síðari málsl. 2. mgr. 3. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 79. Bakki í Kópavogsdal. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 10. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Bakka, Digranesvegi 79. Í tillögunni felst að heimilt verði að byggja skátaheimili allt að 390 m² að grunnfleti á einni hæð með aðkomu frá Digranesvegi. Tillagan er breyting á deiliskipulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. nóvember 1997 og af skipulagsstjóra ríkisins 22. desember 1997.

Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum frá 20. september til 18. október 2002 með athugasemdafresti til 1. nóvember 2002.

Með tilvísan í athugasemdir og ábendingar er bárust á kynningartíma var tillagan samþykkt með þeirri breytingu að akstursleið frá Digranesvegi að fyrirhuguðu skátaheimili (sk. norðurleið) var aflögð. Þess í stað verði gerð ný akstursleið að skátaheimilinu frá fyrirhuguðu bílastæði við Digranesveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. febrúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum“. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá styrktarsjóðum Háskóla Íslands í aðalbyggingu skólans við Suðurgötu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að að renna styrkum stoðum undir starfsemi SVF og stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar.

Tilgangi sínum nær sjóðurinn með því að veita styrki, fjárframlög og annan stuðning við verkefni á eftirfarandi sviðum:

- a. rannsóknir á erlendum tungumálum: kennslufræði erlendra mála, máltaka, táknafræði, þýðingafraði, málfræði, málvísindi, menningarfræði, bókmenntir og notagildi tungumála í atvinnulífinu,
- b. útgáfa ritverka á fræðasviðum SVF, ráðstefnu- og fyrirlestrahald,
- c. þróun kennslugagna í erlendum tungumálum,
- d. samvinna við erlendar stofnanir á fræðasviðum SVF,
- e. önnur verkefni sem tengjast starfsemi SVF að mati sjóðsstjórnar.

3. gr.

Frumstofnendur sjóðsins og stofnframlag þeirra er sem hér greinir:

- a. Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, kr. 300.000.
 - b. Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, kr. 300.000.
- Óskerðanlegt stofnframlag sjóðsins er því kr. 600.000.

Aðilar sem gerast sérstakir styrktaraðilar sjóðsins fram til 15. apríl 2005 teljast gagnvart sjóðnum einnig til stofnenda hans. Skal skipulagsskráin endurskoðuð þegar að þessu tímamarki liðnu með það fyrir augum að skráin geymi heildarlista yfir þá sem eru stofnendur sjóðsins ásamt fjárhæðum.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins.

Stofnfé er bætist við óskerðanlegt stofnfé frumstofnenda, sbr. 2. mgr., skal að öllu jöfnu ekki skerða.

4. gr.

Fagráð SVF skipar sjóðnum níu manna stjórn, til tveggja ára í senn. Skulu stjórnarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta varðandi úthlutanir og styrkveitingar sjóðsins.

Sjóðsstjórn kys formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

5. gr.

Sjóðsstjórn tekur ákvarðanir um ráðstöfun úr sjóðnum samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur. Í þeim skal m.a. kveðið á um að sjóðsstjórn veiti styrki á grundvelli umsókna, umsóknarfresti, auglýsingar styrkja og önnur frekari skilyrði fyrir styrkveitingum sem sjóðsstjórn telur nauðsynleg. Í starfsreglum skal einnig koma fram hversu háu hlutfalli af ávöxtun sjóðanna er heimilt að ráðstafa árlega.

Þá skal stjórnin vera virk í að byggja upp samskipti við styrktaraðila sem vilja leggja starfseminni lið. Sjóðsstjórn skal eftir því sem kostur er, taka tillit til óska gefenda um ráðstöfun einstakra gjafa. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsstjórnar.

6. gr.

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Tekjur Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eru eftirfarandi:

- a. framlög styrktaraðila,
- b. gjafir og áheiti sem sjóðnum kunna að berast,
- c. vextir og arður af eignum sjóðsins,
- d. annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjö stjórnarmanna. Sama gildir ef sjóðurinn er lagður niður og ganga þá eignir hans til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem ráðstafar þeim í samræmi við þann tilgang sem lýst er í 2. gr.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á land:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, frá 8. mars 2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.

- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2357/2001, frá 29. nóvember 2001 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 257/2002, frá 12. febrúar 2002, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100 frá 12. júlí 2002 og var birt í EES-viðbæti 31. október 2002.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er birt með tilvísun til 2. mgr., sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldsgerinda, með síðri breytingum.

Við birtingu þessarar reglugerðar falla brott eftirtaldir viðaukar við reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum: viðauki 3 að því er varðar blý, dioxín, kadmín, PCB-efni og 3-MCPD; viðauki 4 og viðauki 5. Auk þess fellur niður reglugerð nr. 357/2002 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Lindargata 60.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði vegna Lindargötu 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ingólfsstræti 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði vegna Ingólfsstrætis 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kristnibraut 69-89, Grafarholt svæði 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Kristnibraut 69-89 í Grafarholti, svæði 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hádegismóar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hádegismóa.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurbhöfn, lóð Granda við Norðurgarð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. október 2002, deiliskipulag fyrir lóð Granda við Norðurgarð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. október 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.171.4 sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti, Skólavörðustíg og Vegamótastíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. október 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.171.2 sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg, Ingólfsstræti og Bankastræti.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Elliðaárdalur, svæði A-E settjarnir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit Elliðaárdal, settjarnir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. febrúar 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Nýbýlavegur 72. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 14. janúar 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Nýbýlaveg 72. Í tillögunni felst að heimilt verður að byggja þriggja hæða íbúðarhús á lóðinni með 5 íbúðum og tveimur innbyggðum bílskúrum. Tillaga var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. janúar til 22. febrúar 2002 með athugasemdafresti til 12. mars 2002. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju og samþykkt í skipulagsnefnd 7. janúar 2003. Á tillögunni höfðu þá verið gerðar breytingar til að koma til móts við framkomnar athugasemdir og ábendingar. Var tillögunni vísað til bæjarstjórnar þar sem hún var samþykkt eins og að ofan greinir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. febrúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,
Birgir H. Sigurðsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/2003 um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2002.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um ákvörðun búnaðargjaldsstofns á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002. Reglurnar byggjast á ákvæðum 1. til 3. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, og eru settar samkvæmt heimild í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997.

Gjaldskyldir eru búvöruframleiðendur sem stunda landbúnað, skógrækt eða skógarhögg, þ.e. starfsemi sem fellur undir atvinnugreinar í deildum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT 95), aðra en atvinnugreinar í flokkum 01.4 (þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt), 01.5 (dýraveiðar og tengd þjónusta) og 02.02 (þjónusta við skógrækt og skógarhögg).

Búvöruframleiðendur skulu greiða sérstakt gjald, búnaðargjald, af veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Til gjaldstofns telst virðisaukaskattsskyld velta og velta undanþegin virðisaukaskatti, svo sem sala úr landi og samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði (beingreiðslur) vegna mjólkur- eða sauðfjárframleiðslu. Til gjaldstofns telst ekki andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna.

Frá gjaldstofni ákvörðuðum með framangreindum hætti heimilast frádráttur, annars vegar vegna vinnslu búvara og/eða sölu þeirra og hins vegar vegna kaupa á lífdýrum til áframeldis. Frádráttur ákvarðast sem hér segir:

1. Frádráttur vegna vinnslu og sölu búvara.

1.1. Vegna vinnslu búvara.

Að því leyti sem verð unninnar búvöru myndar gjaldsstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir

vinnslufyrirtæki fyrir vinnsluna. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist loðdýraræktandi sjálfur verkun loðskinna sinna má hann vegna verkunarinnar draga frá söluverði unninna skinna, er mynda gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

- 185 kr. fyrir hvert verkað minkaskinn,
- 550 kr. fyrir hvert verkað refaskinn.

1.2. Vegna sölu búvara.

Að því leyti sem heildsöluverð búvöru myndar gjaldstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir heildsöluþyrtingu fyrir heildsöludreifingu. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist búvöruframleiðandi sjálfur heildsöludreifingu afurða sinna má hann vegna dreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

- 15% heildsöluverðs eggja,
- 15% heildsöluverðs grænmetis og ávaxta,
- 15% heildsöluverðs blóma,
- 15% heildsöluverðs garðplantna,
- 15% heildsöluverðs skógarplantna.

Annist framleiðandi alifugla sjálfur slátrun fugla sinna og heildsöludreifingu kjötsins má hann vegna slátrunarinnar og heildsöludreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

- 25% heildsöluverðs alifuglakjöts.

2. Frádráttur vegna kaupa á lífdýrum.

Búvöruframleiðandi sem kaupir lífdýr til áframeldis í búnaðargjaldsskyldri starfsemi sinni má draga kaupverð lífdýranna frá gjaldstofni sínum. Virðisaukaskattur af kaupverðinu telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri fyrirtækisins.

Reglur þessar taka þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002.

Reykjavík, 6. febrúar 2003.

F.h. ríkisskattstjóra,

Sigurjón Högnason.

Guðrún Þorleifsdóttir.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald á Austur-Héraði.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa á Austur-Héraði, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Stofngjald vatnsveitu.
- C. Holræsagjald.
- D. Byggingarleyfisgjald.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðs-rétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjur og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

- 3.a: Einbýlishúsalóðir: Kr. 1.300 pr. m² lóðar og 1.300 pr. m² brúttó gólfflatarmáls húss.
- 3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir: Kr. 1.200 pr. m² lóðar og 1.200 pr. m² brúttó gólfflatarmáls húss.
- 3.c: Fjölbýlishúsalóðir: Kr. 1.000 pr. m² lóðar og 1.000 pr. m² brúttó gólfflatarmáls húss.
- 3.d: Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir: Kr. 1.100 pr. m² lóðar.
- 3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: Kr. 1.500 pr. m² lóðar og kr. 1.500 pr. m² brúttó gólfflatarmáls húss.
- 3.f: Hesthúsalóðir: Kr. 500 pr. m² lóðar.

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð samkv. 3.a, 3.b, 3.c eða 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarksnýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfflatarmál.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3.a, 3.b, eða 3.c, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfflatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- | | | |
|------|---|------------------------|
| 1. | Við úthlutun lóða í eigu sveitarfélagsins | 20% gatnagerðargjalds. |
| 2. | Við útgáfu byggingarleyfis | |
| 2.1. | Á lóðum í eigu sveitarfélagsins | 30% gatnagerðargjalds. |
| 2.2. | Á lóðum í eigu annarra | 50% gatnagerðargjalds. |
| 3. | Við útgáfu fokheldisvottorðs | 20% gatnagerðargjalds. |
| 4. | Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs | 30% gatnagerðargjalds. |

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. tl. og tl. 2.2. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrir en á greiðsludegi.

Bæjarstjórn getur frestað innheimtu 4. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingaleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar	Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	20.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 45.000</i>
B Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	20.000	100	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 45.000</i>
C Iðnaðarhúsnæði	40.000	80	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 65.000</i>
D Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	60.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 120.000</i>
E Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	60.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 120.000</i>
F Frístundahús	5.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 30.000</i>
G Útihús á lögbylum	5.000	80	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 15.000</i>
H Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minni	20.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 15.000</i>
I Niðurrif húsa	5.000	0	
J Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	5.000	0	

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
1 Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o. þ.h.	4.500	
2 Lóðarúthlutunargjald	15.000	<i>Óendurkraeft, þó lóðarúthlutun gangi til baka</i>
3 Fokheldisvottorð	6.000	
4 Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5 Lokavottorð	10.000	
6 Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7 Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8 Endurskoðun aðaluppdráttar	6.000	
9 Gerð stofnskjal vegna lóða *	3.000	<i>Þegar hús er fokhelt</i>
10 Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

6. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m³-gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

7. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Austur-Héraðs: Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m³-gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

8. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2002 (265,7 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu og fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreidd af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Austur-Hérað skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. febrúar 2003, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Egilsstöðum verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildargatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði auglýsingar um gatnagerðargjöld á Egilsstöðum, sem samþykkt var af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar 19. júní 1997.

Samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 13. janúar 2003.

Austur-Héraði, 13. janúar 2003.

Pórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningsvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2003.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Á árinu 2003 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilivæði 3L, sbr. 16. gr., heimilt að veiða 144 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna ársins 2003 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni.

Þegar rækja veidd á deilivæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,97.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórir Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulagstillögu fyrir verslunarhúsnæði við Egilsholt 2, Borgarnesi.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. febrúar 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Þórðar Kakala hf., kt. 660900-2230, Strandgötu 1, Bíldudal. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. mars 2007.

Umhverfisstofnun, 7. febrúar 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður.*

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

27. gr. orðist svo:

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á markaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal skipstjóri viðkomandi veiðiskips tryggja að útflutningur afla sé tilkynntur Fiskistofu a.m.k. 24 stundum áður en aflinn fer um borð í farmskip eða 24 stundum áður en skip fer af miðum, sigli veiðiskip með eigin afla.

Tilkynning skal fara fram með þeim hætti að skrá skal á vefsíðu Fiskistofu upplýsingar um veiðiskip, veiðarfæri, aflamagn sundurliðað eftir tegundum og ílátum eins nákvæmlega og unnt er, umboðsmann, sölustað, áætlaðan söludag og eftir atvikum löndunartíma, löndunarstað og brottfarartíma farmskips. Einnig skal skrá nafn, kennitölu og símanúmer útflytj-

anda. Dreifist afli veiðiskips sem siglir með afla sinn til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

Vefsíða Fiskistofu skal vera aðgengileg almenningi. Fiskistofa skal vikulega birta upplýsingar á vefsíðu sinni um meðalverð afla íslenskra skipa sem seldur hefur verið á erlendum mörkuðum eftir tegundum og stærðum.

2. gr.

Ný grein 27. gr. a.:

Við útflutning óunnins afla sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs skal í hverju íláti einungis vera ein fisktegund. Þó er heimilt að fylla ílát með öðrum tegundum hafi hver tegund verið aðskilin og ílátið merkt sérstaklega með upplýsingum um þær tegundir sem í því eru. Aldrei er þó heimilt að flytja út þorsk með öðrum tegundum í sama íláti.

Óheimilt er að flytja út í sama gáminum afla sem endanlega hefur verið vigtaður og skráður á aflaskráningarkerfið Lóðs, og afla sem fluttur er til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis.

3. gr.

Ný grein 27. gr. b.:

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu erlendis sem þegar hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um þau veiðiskip sem veitt hafa umræddan afla og um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum eins nákvæmlega og unnt er.

Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té (*Áætlun fyrir vigtaðan afla til útflutnings*). Sé afli skips fluttur út í fleiri en einum gámi skal skila áætlunarblaði fyrir hvern gám. Útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) afla skal tryggja að Fiskistofu séu sendar samdægurs sölunótur vegna sölu erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hvernar fisktegundar, söluverð eftir tegundum og stærðum og skipaskrárnúmer veiðiskips.

4. gr.

6. mgr. 28. gr. orðist svo:

Afrit af flutningsnótu, ásamt upplýsingum um gámanúmer og eyðublað um innihald gámsins, skal hafnarstarfsmaður senda Fiskistofu án ástæðulauss dráttar. Gögnin skulu varðveitt hjá hafnaryfirvöldum.

5. gr.

29. gr. fellur niður.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 15. apríl 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjáútvægsráðuneytinu, 14. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalda.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lámargsgjald skal vera kr. 20.000 og skal það bundið vísitölu byggingarkostnaðar og miðast við grunnvísitölu 1. janúar 2003.

Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirliti sem skylt er að framkvæma. Þegar úrskurður um mat á umhverfis-áhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.

2. *Gjalddagi.*

Greiða skal framkvæmdaleyfisgjald við útgáfu leyfis, þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi lóð eða fasteign sem við getur átt og má innheimta áfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæðir og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingaleyfis greiðist	5.000 kr.
Íbúðarhús	28.000 kr.
Íbúðir í sambýlishúsum/fjölbýlishúsum	20.000 kr.
Frístundahús að 60 m ²	12.000 kr.
Frístundahús yfir 60 m ² veiðihús og hliðstæð	18.000 kr.
Bílskúrar/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000 kr.
Skrifstofu-/verslunar-, hótél og hliðstæð hús:	
Að 100 m ² hver hæð í húsi	20.000 kr.
100 til 200 m ² hver hæð í húsi	60.000 kr.
200 til 500 m ² hver hæð í húsi	80.000 kr.
500 til 800 m ² hver hæð í húsi	120.000 kr.
Gripahús:	
Að 100 m ²	15.000 kr.
100 til 200 m ²	20.000 kr.
200 til 500 m ²	45.000 kr.
500 til 800 m ²	95.000 kr.
800 til 2000 m ²	200.000 kr.
2000 til 4000 m ²	450.000 kr.
Óeinangraðar geymslur/hlöður og áþekk hús:	
Að 100 m ²	10.000 kr.
100 til 200 m ²	15.000 kr.
200 til 500 m ²	24.000 kr.
500 til 800 m ²	48.000 kr.
800 til 2000 m ²	112.000 kr.
2000 til 4000 m ²	240.000 kr.
Smágeymslur/stækkanir/undir 20 m ²	6.000 kr.

Fyrir hverja úttekt greiðist	4.500 kr.
Mælingu lóðar	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi á lóð	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi í sveit	
á lögbyli án lóðar	13.600 kr.
Fyrir byggingarvottorð	5.000 kr.
Stöðuleyfi eitt ár í senn	5.000 kr.

Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis kr. 5.000 til 50.000 eftir umfangi og greiðist við afhendingu gagna.

Fjárhæðir eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað er við vísitölu byggingarkostnaðar grunnvísitölu 1. janúar 2003.

2. *Gjald dagar.*

Byggingarleyfisgjöld, úttektargjöld og mælingargjöld skal greiða við útgáfu byggingarleyfis. Þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið þessarar gjaldskrár fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Byggingarleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar og staðfest af bæjarstjórn Snæfellsbæjar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 12. febrúar 2003.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

